

EFI-2



Málproskaskimun

fyrir börn á fjórða ári

Höfundar:


Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og
Ingibjörg Símonardóttir

Teikningar:

Bryndís Björgvinsdóttir

EFI

- Árið 1999 hófst skimun með *EFI málþroskaskimun*
- Var notuð til að finna hugsanleg málþroskafrávik hjá börnum sem komu til 3 ½ árs skoðunar á heilsugæslustöðvum landsins.
- Var fyrst og fremst notuð af hjúkrunarfræðingum.



EFI




Heilsugæslan notaði *EFI málþroskaskimun* í 10 ár til ársins 2009 Þá hafði verið ákveðið að aldursbundnar skoðanir barna á heilugæslustöðvum færu fram við 2 ½ árs og 4ra ára aldur.

Þar með var notkun *EFI málþroskaskimunar* innan heilsugæslunnar sjálfhætt.

EFI

- Áður en farið var að nota *EFI málþroskaskimun* hafði hún verið prófuð á 270, 3 ½ árs (40;16 – 43;15 mánaða) barna úrtakshópi, sem valinn var af handahófi, af öllu landinu.
- Færni þess barnahóps var síðan notuð sem viðmið þegar farið var að framkvæma skimunina á heilsugæslustöðvum.



EFI

Þegar börnin í úrtakshópi **EFI** voru orðin níu ára og höfðu tekið samræmt próf í íslensku voru heildarniðurstöður þeirra á því prófi bornar saman við niðurstöður þeirra á EFI málþroskaskimun við 3 ½ árs aldur. Kom þá í ljós marktæk fylgni $r = 0.41^{**}$ á milli þessara niðurstaðna.



EFI-2

Nú hafa sömu höfundar gert **EFI - 2**
málþroskaskimun, sem byggð er á EFI
málþroskaskimun, sama hugmyndafræði að
baki en smá breytingar
á vægi þriggja atriða.



EFI-2

EFI-2 málproskaskimun

er ætluð til notkunar í leikskólum fyrir
leikskólakennara eða annað sérmenntað
starfsfólk



EFI-2

Tilgangur með skimun

- **EFI-2 málproskaskimun** er ætlað að finna þau börn sem víkja mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu.



EFI-2

Tilgangur með skimun

- Börn með frávik frá eðlilegum málþroska þurfa alls ekki að vera sein í hreyfiþroska, félagsþroska og vitsmunabroska
- Því þarf að meta málþroska sérstaklega.

EFI-2



EFI-2 málproskaskimun skimar máltjáningu og málskilning hjá börnum á breiðara aldursbili en EFI áður. Hægt að skima (flest)öll börn á *fjóórða* ári (*37;1;16 – 46;15 mánaða*).

Til viðmiðunar var nýr úrtakshópur, 245 börn, valinn af handahófi til að reikna út niðurstöður fyrir **EFI-2 málproskaskimun**. Niðurstöður voru nánast sömu og fyrir EFI áður.



EFI-2

- Börnin í úrtakinu fyrir **EFI-2** komu úr 20 leikskólum í Reykjavík, Hafnarfirði, Garðabæ, Keflavík, Akranesi og Hólmavík og nokkrum þéttbýliskjörnum á Vesturlandi.
- **EFI-2** var lagt fyrir börnin af höfundum og þremur leikskólasérkennurum (sem fengu handleiðslu áður).

EFI-2

Málskilningur og máltjáning

- Myndir og spurningar í **EFI-2** varða þekkta málproskaáfanga í lífi barnsins.
- **Með málskilningsþætti** er kannaður t.d. skilningur á stærða- og fjöldahugtökum, litaheitum, óyrtum orðaforða og yfirhugtökum. Einnig skilningur á neitunarsetningum og setningum sem tengjast tímaröð. Áhrif vinnsluminnis eru líka könnuð.

EFI-2

Málskilningur og máltjáning

- Með máltjáningarþætti er kannaður t.d. almennur virkur orðaforði, rétt notkun talna- og litaheita, setninga- og beygingarmyndun (nt, þt, et, ft), rökvísi og samhengi í tjáskiptum.
- Allir þættir **EFI-2** reyna jafnframt á **einbeitingu** og **félagslega færni** í samskiptum en þessir þættir geta haft áhrif á niðurstöður.

EFI-2

EFI-2 málproskaskimun
fylgir:


- Myndabók í A4 stærð
- Handbók
- Skráningablað
með mælistiku á færni



EFI-2 Fyrirlögn


Fyrirlögn **EFI-2** felst í að barn og kennari eiga saman rólega stund og skoða saman fallega myndabók.

Kennari leitar svara við ákveðnum spurningum sem flestar tengjast myndum í myndabókinni.



EFI-2 málþroskaskimun


- Er verkfæri til að grípa til þegar upp kemur grunur um frávík frá *aldurssvarandi málþroska*.
- Gefur markvissar niðurstöður til að meta betur en áður var hægt hvort þörf er á frekari greiningu fagaðila.
- Niðurstöður sýndar á hundraðstölukvarða nýtast vel við ráðgjöf til foreldra.



EFI-2


EFI-2 Málskilningur

Börn sem eru undir 12,5% á málskilningshluta teljast með mjög slaka færni miðað við jafnaldra og eðlilegt að skoða mál þeirra nánar.




EFI-2

- **EFI-2 Máltjáning**
- Börn sem eru undir 12,5% á máltjáningarhluta teljast með mjög slaka færni miðað við jafnaldra og eðlilegt að skoða mál þeirra nánar.



EFI-2


Niðurstöður færðar á mælistiku



EFI-2

Aftast í handbók **EFI-2** eru leiðbeiningar:

- um túlkun niðurstaðna.
- um frekari tilvísanir til sérfræðinga.
- um ábendingar varðandi úrræði og ráðgjöf til foreldra.




		SKILNINGUR		SKILNINGUR	Sam tals
		Skilningur góður $\geq 13,5$ A	Skilningur slakur 11 - 13 B	Skilningur mjög slakur < 11 C	
TJÁNING	Tjáning góð ≥ 22 A	A/A 64% <u>Málproski góður.</u> Skilningur góður. Tjáning góð. Sjá töflu 5.2	B/A 9% Skilningur slakur. Tjáning góð. Sjá töflu 5.2	C/A 3% Skilningur mjög slakur. Tjáning góð. Sjá töflu 5.2	76%
	Tjáning slök 19 - 21 B	A/B 7% Skilningur góður. Tjáning slök. Sjá töflu 5.2	B/B 2% <u>Málproski slakur</u> Skilningur slakur. Tjáning slök. Sjá töflu 5.2	C/B 5% <u>Málproski slakur.</u> Skilningur mjög slakur. Tjáning slök. Sjá töflu 5.2	14%
	Tjáning mjög slök < 19 C	A/C 3% Skilningur góður. Tjáning mjög slök. Sjá töflu 5.2	B/C 4% <u>Málproski slakur.</u> Skilningur slakur. Tjáning mjög slök. Sjá töflu 5.2	C/C 3% <u>Málpr. mjög slakur.</u> Skiln. mjög slakur. Tjáning mjög slök. Sjá töflu 5.2	10%
Sam- tals		74%	15%	11%	100%
		SKILNINGUR		SKILNINGUR	

EFI - 2

EFI-2 málþroskaskimun:

- er einföld í notkun,
- er áreiðanleg,
- börnunum finnst hún skemmtileg.



EFI-2

Aðeins þeir leikskólakennarar eða sérhæft starfsfólk leikskóla sem sótt hafa námskeið í **fyrirlögn og túlkun EFI-2 málproskaskimunar** fá leyfi til að nota **EFI-2**.

Höfundar hafa umsjón með námskeiðum.

Nánari upplýsingar um námskeið: elmar@ismennt.is

Takk fyrir